

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 659/2013**

2013/EES/64/35

frá 10. júlí 2013

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 frá 14. desember 2005 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins og um að upplýsa flugfarþega um hvaða flugrekendur annast flutning og um niðurfellingu 9. gr. tilskipunar 2004/36/EB ⁽¹⁾, einkum 4. gr. ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 474/2006 ⁽³⁾ frá 22. mars 2006 var stofnuð skrá Bandalagsins yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, sem um getur í II. kafla reglugerðar (EB) nr. 2111/2005.
- 2) Í samræmi við 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 sendu nokkur aðildarríki og Flugöryggisstofnun Evrópu (EASA) framkvæmdastjórninni viðeigandi upplýsingar í tengslum við uppfærslu á skrá Bandalagsins. Þriðju lönd sendu einnig viðeigandi upplýsingar. Á grundvelli þessara upplýsinga er rétt að uppfæra skrá Bandalagsins.
- 3) Framkvæmdastjórnin upplýsti alla hlutaðeigandi flugrekendur, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu yfirvalda, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með þeim, um mikilvægar staðreyndir og forsendur, sem myndu leggja til grundvallar ákvörðun um bann við flugrekstri þeirra innan Sambandsins, eða ákvörðun um breytingar á skilyrðum fyrir flugrekstrarbanni flugrekanda sem er í skrá Bandalagsins.
- 4) Framkvæmdastjórnin gaf hlutaðeigandi flugrekendum tækifæri til að kynna sér gögnin, sem aðildarríkin lögðu fram, til að leggja fram skriflegar athugasemdir og koma munnlegum athugasemdum á framfæri við framkvæmdastjórnina og við flugöryggisnefndina sem komið var á fót með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/1991 frá 16. desember 1991 um samræmingu á tækniröfum og stjórnsýslumeðferð á sviði flugmála ⁽⁴⁾.
- 5) Flugöryggisnefndinni hafa borist uppfærslur frá framkvæmdastjórninni um yfirstandandi sameiginlegt samráð, innan ramma reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 og framkvæmdarreglugerðar hennar (EB) nr. 473/2006, við

lögbær yfirvöld og flugrekendur eftirfarandi ríkjá: Curaçao og St. Martin, Gíneu, Indland, Íran, Kasakstan, Kirgistan, Mósambík og Nepal. Flugöryggisnefndinni hafa einnig borist uppfærslur frá framkvæmdastjórninni um samráð við Rússneska sambandsríkið um tæknileg málefni og um eftirlit með Bólivíu, Tadsjikistan og Túrkménistan.

- 6) Flugöryggisnefndin hefur hlýtt á kynningar Flugöryggisstofnunar Evrópu um niðurstöður greiningar á úttektarskýrslum sem Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO) framkvæmdi innan ramma úttektaráætlunarinnar í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum (USOAP). Aðildarríkin voru hvött til að setja í forgang skoðanir á hlaði hjá þeim flugrekendum sem hafa flugrekstrarleyfi í ríkjum þar sem Alþjóðaflugmálastofnunin hefur greint alvarleg öryggisvandamál (SSC) eða þar sem Flugöryggisstofnun Evrópu hefur komist að þeirri niðurstöðu að verulegir annmarkar séu á eftirlitskerfi með flugöryggi. Til viðbótar við samráð af hálfu framkvæmdastjórnarinnar, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2111/2005, mun forgangsröðun skoðana á hlaði gera kleift að afla frekari upplýsinga um öryggisframmistöðu flugrekenda sem hafa flugrekstrarleyfi í þessum ríkjum.
- 7) Flugöryggisnefndin hefur hlýtt á kynningar Flugöryggisstofnunar Evrópu um niðurstöður greiningar á skoðunum á hlaði, sem framkvæmdar voru innan ramma evrópsku áætlunarinnar um öryggis skoðun erlendra loftfara (SAFA-áætlunarinnar), í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 ⁽⁵⁾.
- 8) Flugöryggisnefndin hefur einnig hlýtt á kynningar Flugöryggisstofnunar Evrópu um tækniástoðarverkefni sem unnin eru í ríkjum sem verða fyrir áhrifum ráðstafana eða vöktunar af völdum ákvæða reglugerðar (EB) nr. 2111/2005. Hún var upplýst um áætlanir og beiðnir um frekari tækniástoð og samvinnu til að auka færni flugmálayfirvalda á sviði almenningssflugs, með tilliti til stjórnsýslu og tækni, í því skyni að ráða bót á því þegar ekki hefur verið farið að gildandi, alþjóðlegum kröfum. Aðildarríki voru einnig hvött til að bregðast við þessum beiðnum á tvíhliða grundvelli og samræma sig við framkvæmdastjórnina og Flugöryggisstofnun Evrópu. Við þetta tækifæri lagði framkvæmdastjórnin áherslu á nytsemi þess að veita alþjóðlega flugsamfélaginu upplýsingar, einkum fyrir tilstuðlan SCAN-gagnagrunns (Safety Collaborative Assistance Network) Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, um tækniástoð sem Sambandið og aðildarríki þess láta í té til að bæta flugöryggi um allan heim.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 190, 11.7.2013, bls. 54. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 205/2013 frá 8. nóvember 2013 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, bíður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 344, 27.12.2005, bls. 15.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 76.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 84, 23.3.2006, bls. 14.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 373, 31.12.1991, bls. 4.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1.

Flugrekendur í Evrópusambandinu

- 9) Í kjölfar greiningar Flugöryggisstofnunar Evrópu á upplýsingum, sem fengust úr skoðunum á hlaði í tengslum við öryggisskoðanir erlendra loftfara (SAFA-skoðanir á hlaði), sem fóru fram á loftförum tiltekinnar flugrekenda í Sambandinu, eða eftirlits með stöðlun á vegum Flugöryggisstofnunar Evrópu, sem og sérstökum skoðunum og úttektum sem flugmálayfirvöld í hverju ríki fyrir sig framkvæmdu, hafa sum aðildarríki gert tilteknar ráðstafanir til að framfylgja lögum og upplýst framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefndina um þær. Grikkland afturkallaði flugrekandaskírteini (AOC) flugrekandans Sky Wings 1. desember 2012 og Spánn afturkallaði flugrekandaskírteini flugrekandans Mint Lineas Aereas 10. apríl 2013.
- 10) Enn fremur hefur Svíþjóð upplýst nefndina um áhyggjur sínar af flugrekandanum AS Avies, sem hefur fengið vottun í Eistlandi og átti hlut að máli í tveimur alvarlegum flugatvikum í Svíþjóð 2013 þar sem loftfar hans fór út fyrir flugbraut í febrúar og missti tímabundið afl á báðum hreyflum við fráklifur í maí. Lögbær yfirvöld í Eistlandi hafa upplýst nefndina um að þau hafi gripið til ýmissa ráðstafana, þ.m.t. til aukins eftirlits, þar sem þess er krafist að flugrekandinn þrói áætlun um aðgerðir til úrbóta (CAP) og endurskoði viðurkenningu öryggisfulltrúa og ábyrgðarmanns.

Flugrekendur frá Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó

- 11) Flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, hafa verið skráðir í viðauka A frá því í mars 2006⁽⁶⁾. Í kjölfar þess að lögbær yfirvöld í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó (Flugmálastjórn Lýðstjórnarlýðveldisins Kongó (ANAC)) hafa nýlega haft frumkvæði að því að koma aftur á virku samráði við framkvæmdastjórnina og Flugöryggisstofnun Evrópu, hafa þau lagt fram nauðsynleg skrifleg sönnunargögn svo unnt sé að uppfæra á heildstæðan hátt skrá yfir flugrekendur sem skráðir eru í viðauka A.
- 12) Lögbær yfirvöld í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó hafa, með bréfi, dagsettu 12. júní 2013, upplýst framkvæmdastjórnina um að eftirfarandi flugrekendum hafi verið veitt flugrekstrarleyfi: Air Baraka, Air Castilla, Air Malebo, Armi Global Business Airways, Biega Airways, Blue Sky, Ephrata Airlines, Eagles Services, GTRA, Mavivi Air Trade, Okapi Airlines, Patron Airways, Pegasus, Sion Airlines og Waltair Aviation. Þar sem lögbær yfirvöld í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó færðu ekki sönnur á að tryggt væri að öryggiseftirlit með þessum flugrekendum samrýmdist alþjóðlegum öryggiskröfum er það metið svo, á grundvelli sameiginlegru viðmiðananna, að allir flugrekendurnir sem eru í uppfærðu skránni, skuli skráðir í viðauka A.
- 13) Lögbær yfirvöld í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó upplýstu einnig, með bréfi dagsettu 12. júní 2013, að flugrekendurnir

Bravo Air Congo, Entreprise World Airways (EWA), Hewa Bora Airways (HBA), Mango Aviation, TMK Air Commuter og Zaabu International, sem áður voru skráðir í viðauka A, hafi ekki flugrekstrarleyfi. Af þessum sökum er það því metið svo að þessir flugrekendur skuli felldir brott úr viðauka A.

- 14) Lögbær yfirvöld í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó hafa einnig greint frá því að samkvæmt lagamma landsins krefjist rekstur flutningaflugs bæði flugrekstrarleyfis og flugrekandaskírteinis til að annast þessa gerð rekstrar og að fram til þessa hafi enginn núverandi flugrekandi uppfyllt báðar þessar kröfur. Í apríl 2013 hófst fimm áfanga vottunarferli Alþjóðaflugmálastofnunarinnar fyrir fimm flugrekendur (Korongo, FlyCAA, Air Tropiques, ITAB og Kinavia) og er þess vænst að því verði lokið í lok september 2013. Við lok þessa vottunarferlis mun Flugmálastjórn Kongó leggja fram skrá yfir alla flugrekendur sem hafa fengið tilskilda vottun og hafa undir höndum gilt flugrekandaskírteini.
- 15) Framkvæmdastjórnin veitti skuldbindingu lögbærra yfirvalda í Lýðveldinu Kongó athygli, einkum samgönguráðherra, og hvetur þau til að halda áfram þeirri viðleitni sinni að stofna eftirlitskerfi í almenningsflugi í samræmi við alþjóðlegar öryggiskröfur og halda jafnframt áfram að þróa enn frekar virk skoðanaskipti sem komið var aftur á fyrir skömmu.

Flugrekendur frá Lýðveldinu Gíneu

- 16) Formlegt samráð var hafið við lögbær yfirvöld í Lýðveldinu Gíneu í desember 2012 í kjölfar þess að Alþjóðaflugmálastofnunin vakti máls á öryggiságöllum, sem komu í ljós við úttekt hennar í apríl 2012, sem hafði í för með sér alvarlegt öryggisvandamál í tengslum við vottun flugrekenda.
- 17) Hinn 29. maí 2013 tilkynnti Alþjóðaflugmálastofnunin að hún hefði felld brott athugasemd sína um áhyggjur sínar af alvarlega öryggisvandamálinu í kjölfar framlagningar áætlunar um aðgerðir til úrbóta og viðurkenningar og fullgildingar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar á henni í framhaldi af því.
- 18) Í janúar 2013 fór fram samráðsfundur í Brussel á milli framkvæmdastjórnarinnar, með aðstoð Flugöryggisstofnunar Evrópu, og lögbærra yfirvalda Lýðveldisins Gíneu. Á þeim fundi greindu lögbær yfirvöld Lýðveldisins Gíneu ítarlega frá nýjustu þróun mála varðandi stöðu á framkvæmd áætlunar um aðgerðir til úrbóta sem var lögð fyrir Alþjóðaflugmálastofnunina í desember 2012.
- 19) Samkvæmt lögbærum yfirvöldum Lýðveldisins Gíneu stendur endurvottunarferlið yfir hjá flugrekendunum Sahel Aviation Service, Eagle Air, Probiz Guinée og Konair. Enginn þeirra flýgur inn í loftrými Sambandsins. Þessi yfirvöld upplýstu einnig að flugrekandaskírteini flugrekendanna GR-Avia, Elysian Air, Brise Air, Sky Guinée Airlines og Sky Star Air hefðu verið felld tímabundið úr gildi.

⁽⁶⁾ Forsendur 60 til 64 í reglugerð ráðsins (EB) nr. 474/2006 frá 22. mars 2006, Stjtið. ESB L 84, 23.3.2006, bls. 18.

- 20) Lögbær yfirvöld Lýðveldisins Gíneu samþykktu að upplýsa framkvæmdastjórnina um allar mikilvægar breytingar á framþróun í tengslum við framkvæmd krafna Alþjóðflugmálastofnunarinnar, sem gerir kleift að hafa reglulegt eftirlit með ástandinu.
- 21) Ef einhverjar viðeigandi upplýsingar um öryggismál gefa til kynna að öryggisáhætta sé yfirvofandi, sem afleiðing af því að ekki sé farið að alþjóðlegum öryggiskröfum, neyðist framkvæmdastjórnin til að grípa til aðgerða í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 2111/2005.
- Flugrekendur frá Indónesíu**
- 22) Samráð við lögbær yfirvöld í Indónesíu (Flugmálastjórn Indónesíu (DGCA)) heldur áfram með það að markmiði að fylgjast með árangri Flugmálastjórnarinnar við að tryggja að öryggiseftirlit með öllum flugrekendum, sem hafa fengið vottun í Indónesíu, samrýmist alþjóðlegum öryggiskröfum.
- 23) Í kjölfar myndfundar, sem haldinn var meðal framkvæmdastjórnarinnar, Flugöryggisstofnunar Evrópu og Flugmálastjórnar Indónesíu 18. október 2012, hélt Flugmálastjórn Indónesíu áfram að vinna að úrbótum á eftirlitskerfi með flugöryggi og bæta úr þeim ágöllum sem Flugmálastjórn Bandaríkjanna (FAA) vakti máls á í heimsókn sinni í tengslum við tæknimat í september 2012. Eftir að skýrsla Flugmálastjórnar Bandaríkjanna var birt opinberlega héldu Flugmálastjórn Indónesíu og Flugmálastjórn Bandaríkjanna fund og komu sér saman um áætlun um aðgerðir til úrbóta.
- 24) Í apríl 2013 veitti Flugmálastjórn Indónesíu framkvæmdastjórninni ítarlegt afrit af áætluninni um aðgerðir til úrbóta, þar sem greint var frá þeim árangri sem náðst hefur, og upplýsti að komið hefði verið á fót kerfi fyrir þjálfun skoðunarmanna (e. *Inspector Training System*), flugöryggisreglur hefðu verið endurskoðaðar, leiðbeiningar fyrir skoðunarmenn verið samþykktar fyrir fjarflug tveggja hreyfla flugvéla (ETOPS) og hæfisbundna leiðsögu/tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu (PBN/RNP) og drög verið samin um starfrækslu í skertu skyggni (AWOPS).
- 25) Flugmálastjórn Indónesíu staðfesti að vottun loftfara, flugleiða, búnaðar á flugvöllum, flugafgreiðslu, viðhalds, handbóka og áhafnar flugrekandans Citilink Indonesia falli enn undir stjórnsýslu flugrekandans Garuda Indonesia.
- 26) Flugmálastjórn Indónesíu veitti einnig uppfærðar upplýsingar um tiltekna flugrekendur sem eru undir eftirliti hennar. Hún upplýsti að tveir nýir flugrekendur hefðu fengið flugrekandaskírteini, þ.e. Martabuana Abadion hinn 18. október 2012 og Komala Indonesia hinn 8. janúar 2013, og að flugrekandinn Intan Angkasa Air Services hefði verið endurvottaður. Þar sem Flugmálastjórn Indónesíu færði ekki sönnur á að tryggt væri að öryggiseftirlit með þessum flugrekendum samrýmdist alþjóðlegum öryggiskröfum er það þó metið svo, á grundvelli sameiginlegru viðmiðananna, að þessir flugrekendur skuli skráðir í viðauka A.
- 27) Auk þess upplýsti Flugmálastjórn Indónesíu að flugrekandaskírteini flugrekandans Sebang Merauke Air Charter hefði verið fellt tímabundið úr gildi 18. september 2012.
- 28) Flugmálastjórn Indónesíu upplýsti einnig og staðfesti að flugrekandaskírteini flugrekandans Metro Batavia hefði verið afturkallað 14. febrúar 2013. Af þessum sökum skal fella flugrekandann Metro Batavia brott úr viðauka A.
- 29) Flugmálastjórn Indónesíu kom athugasemdum sínum á framfæri við flugöryggisnefndina 25. júní 2013. Auk þess að greina nefndinni frá upplýsingunum, sem veittar voru framkvæmdastjórninni í apríl 2013, staðfesti Flugmálastjórn Indónesíu að sérhver handhafi flugrekandaskírteinis, sem óskar eftir að stækka flugflota sinn, þurfi að fá samþykki Flugmálastjórnar Indónesíu þar að lútandi og að hún hefði stundum synjað um slíkt samþykki. Flugmálastjórn Indónesíu hefði þó ekki haft meðalgöngu um áætlanir flugrekandans Lion Air um útvíkkun vegna þess að hún taldi að flugrekandinn hefði yfir að ráða nægilegum úrræðum og að eftirlit með honum væri fullnægjandi. Að því er varðar slys sem loftfarið Boeing B737-800, í eigu flugrekandans Lion Air, átti hlut að 13. apríl 2013, upplýsti Flugmálastjórn Indónesíu að bráðabirgðaskýrsla um slysið hefði verið birt. Í skýrslunni eru sett fram þrenns konar tilmæli varðandi lækkun flugs undir lágmarksmörkum, verklagsreglur að því er varðar að fela öðrum stjórn loftfars og tilheyrandi þjálfun þar að lútandi. Flugmálastjórn Indónesíu gaf nákvæma lýsingu á þeim aðgerðum sem hún hefur gripið til í því skyni að leysa vandamálin, sem lúta að slysinu, þ.m.t. að láta fara fram öryggisúttekt á flugrekandanum Lion Air og tryggja að flugrekandinn hafi gripið til aðgerða til úrbóta í kjölfar bráðabirgðaskýrslunnar.
- 30) Flugrekandinn Lion Air var viðstaddur áheyrnina og svaraði spurningum framkvæmdastjórnarinnar og flugöryggisnefndarinnar. Flugrekandinn Lion Air tilkynnti að hann hefði orðið sér úti um nægileg úrræði til að stýra áframhaldandi stækkun flugflota síns, en samþykkti lágmarkskröfur um leyfisveitingu fyrir bæði flugstjóra og aðstoðarflugstjóra í tengslum við ráðningar starfsmanna í loftför sín og fór ekki fram á frekari reynslu. Að því er varðar slysið skýrði fyrirtækið frá því að það væri að hrinda tilmælum bráðabirgðaskýrslunnar um slysið í framkvæmd en biði eftir lokaskýrslunni til þess að unnt væri að tilgreina frumorsakir þess. Flugrekandinn Lion Air tilkynnti að hann legði sig fram um að efla öryggi og að hann notaði gögn frá áætlun sinni um gæðatryggingu í flugrekstri (e. *Flight Operations Quality Assurance (FOQA)*) til að auðkenna hættur. Fyrirtækið tilkynnti að það hefði ekki enn fengið skráningu hjá Alþjóðasambandi flugfélaga (IATE) samkvæmt áætlun um úttekt á flugöryggi (e. *International Air Transport Association Operational Safety Audit – IOSA-úttekt*).
- 31) Framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin veittu athygli góðum árangri sem Flugmálastjórn Indónesíu hefur náð og áætlun hennar um að bjóða Flugmálastjórn Bandaríkjanna að framkvæma úttekt í ágúst 2013 í samræmi við áætlun um alþjóðlegt flugöryggismat (IASA-úttekt).

Framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin halda áfram að hvetja Flugmálastjórn Indónesíu í þeirri viðleitni sinni að setja á stofn flugkerfi sem er í fullu samræmi við kröfur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

- 32) Að því er varðar flugrekandann Lion Air taldi flugöryggisnefndin litla starfsreynslu flugmanna, sem flugrekandinn hafði ráðið og notað, og viðbrögð hans við spurningum um öryggisstjórnun sína áhyggjuefni og mun því fylgjast áfram náið með öryggisframmistöðu þessa flugrekanda.

Flugrekendur frá Kasakstan

- 33) Virkt samráð við lögbær yfirvöld í Kasakstan hefur haldið áfram í því skyni að fylgjast með árangri þessara yfirvalda við að tryggja að öryggiseftirlit með öllum flugrekendum, sem hafa fengið vottun í Kasakstan, samrýmist alþjóðlegum öryggiskröfum.
- 34) Í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1146/2012 hefur flugrekandinn Air Astana ítrekað upplýst um öryggisframmistöðu sína og breytingar á flugflotanum, með bréfum til framkvæmdastjórnarinnar sem eru dagsett 23. nóvember 2012, 30. janúar 2013, 14. mars 2013, 29. mars 2013 og 13. maí 2013. Hann hefur einnig lagt fram afrit af nýju flugrekandaskírteini sínu og nýjum rekstrarforskriftum sem gefin voru út 22. apríl 2013. Vegna breytinga á flugflotanum koma loftför af tegundinni Fokker 50 ekki lengur fram í rekstrarforskriftunum. Af þessum sökum ber að breyta viðauka B við þessa reglugerð til samræmis við það.
- 35) Hinn 12. júní 2013 hafði framkvæmdastjórnin, með aðstoð Flugöryggisstofnunar Evrópu, samráð um tæknimál við lögbær yfirvöld í Kasakstan og fulltrúa flugrekandans Air Astana. Á þeim fundi greindu lögbær yfirvöld í Kasakstan frá því að þeim miðaði vel áfram með metnaðarfullar umbætur á fluggeiranum, sem miða að því að samræma laga- og regluramma á sviði flugmála í Kasakstan að alþjóðlegum öryggiskröfum.
- 36) Á fundinum veitti flugrekandinn Air Astana frekari upplýsingar um þá þróun sem orðið hefur á flugflota hans á tímabilinu 2012-2014. Flugrekandinn Air Astana upplýsti einkum að nokkur loftför hefðu verið tekin úr notkun í áföngum og að verið væri að taka í notkun ný loftför, til viðbótar við fyrirliggjandi Boeing B767-, B757- og Airbus A320-röð, sem er þegar tilgreind í viðauka B við þessa reglugerð. Öll loftför, sem nýlega hafa bæst við, skulu skráð í Arúba. Bæði lögbær yfirvöld í Kasakstan og flugrekandinn Air Astana skuldbundu sig til að tilkynna framkvæmdastjórninni um leið og nýtt loftfar hefði verið tilgreint í flugrekandaskírteini flugrekandans Air Astana.
- 37) Auk þess staðfestu aðildarríkin og Flugöryggisstofnun Evrópu að engin sérstök vandamál hefðu komið upp í tengslum við flugrekandann Air Astana við skoðanir á hlaði sem framkvæmdar voru á flugvöllum í Sambandinu innan ramma SAFA-áætlunarinnar.
- 38) Aðildarríkin munu sannprófa hvort viðeigandi öryggiskröfum sé fylgt á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftför flugrekandans Air Astana séu skoðuð

á hlaði samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012. Ef niðurstöður slíkra skoðana, eða einhverjar aðrar viðeigandi upplýsingar um öryggismál, gefa til kynna að ekki sé farið að alþjóðlegum öryggiskröfum, neyðist framkvæmdastjórnin til að grípa til aðgerða samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

- 39) Framkvæmdastjórnin styður áfram metnaðarfullar endurbætur á almenningsflugkerfinu, sem yfirvöld í Kasakstan hafa gert, og hvetur þau til að halda áfram af staðfestu þeirri viðleitni sinni að stofna eftirlitskerfi í almenningsflugi í samræmi við alþjóðlegar öryggiskröfur. Framkvæmdastjórnin hvetur því þessi yfirvöld til að halda áfram framkvæmd áætlunar um aðgerðir til úrbóta, sem Alþjóðaflugmálastofnunin hefur samþykkt, einkum með áherslu á tvö alvarleg öryggisvandamál, sem eru enn óleyst, og endurvottun allra flugrekenda á þeirra ábyrgð. Einungis þegar þessi alvarlegu öryggisvandamál hafa verið leidd til lykta með fullnægjandi hætti, að mati Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, og þegar raunveruleg framkvæmd á kröfum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar hefur verið skjalfest með fullnægjandi hætti, myndi framkvæmdastjórnin vera reiðubúin til að skipuleggja vettvangsheimsókn í tengslum við öryggismat, með aðstoð Flugöryggisstofnunar Evrópu og stuðningi aðildarríkjanna, til að staðfesta þann árangur sem náðst hefur og undirbúa endurskoðun málsins hjá flugöryggisnefndinni.

Flugrekendur frá Kirgistan

- 40) Framkvæmdastjórnin heldur áfram samráði við lögbær yfirvöld í Kirgistan í því skyni að takast á við þá öryggisáhættu sem hefur leitt til þess að allir kirgískir flugrekendur sæta rekstrartakmörkunum, þ.m.t. geta Kirgistan til að hafa eftirlit með öryggi á sviði starfrækslu og viðhalds loftfara. Framkvæmdastjórnin leitast einkum við að tryggja að árangur náist við að bæta úr þeim ágöllum sem komu í ljós við úttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar innan úttektaráætlunarinnar í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum (ICAO USOAP) frá 2009, sem kunna að hafa áhrif á öryggi í alþjóðlegu flugi.
- 41) Hinn 23. maí 2013 hafði framkvæmdastjórnin, með aðstoð Flugöryggisstofnunar Evrópu, samráð við lögbær yfirvöld í Kirgistan um tæknimál í þeim tilgangi að tilgreina hugsanlega flugrekendur, þar sem vottun þeirra og eftirlit myndi uppfylla alþjóðlegar öryggiskröfur og þar sem gera mætti ráð fyrir að veita mætti smám saman tilslakanir á takmörkunum. Í því sambandi samþykktu lögbær yfirvöld í Kirgistan að vinna saman að því að veita upplýsingar sem gætu komið að gagni við að ná einhverjum árangri. Fulltrúar Kirgistan samþykktu einnig að veita uppfærðar upplýsingar um aðgerðir til úrbóta, sem gripið hefur verið til, til að bæta úr þeim útistandandi ágöllum sem Alþjóðaflugmálastofnunin greindi, sem myndi gera það mögulegt að málið yrði endurskoðað á ný.
- 42) Á fundinum staðfestu yfirvöld í Kirgistan að 8. nóvember 2012 hefði flugrekandanum Sky Bishek verið veitt flugrekandaskírteini. Þar sem lögbær yfirvöld í Kirgistan færðu ekki sönnur á að tryggt væri að öryggiseftirlit með

Þessum flugrekanda samrýmdist alþjóðlegum öryggiskröfum er það metið svo, á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna, að flugrekandinn Sky Bishkek skuli skráður í viðauka A.

- 43) Flugöryggisnefndin skorar á lögbær yfirvöld í Kirgistan að hraða ferlinu við framkvæmd áætlunarinnar um aðgerðir til úrbóta, sem Alþjóðaflugmálastofnunin hefur samþykkt, og að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að tryggja að öryggiseftirlit með öllum flugrekendum, sem hafa fengið vottun í Kirgistan, samrýmist alþjóðlegum öryggiskröfum.
- 44) Þegar búið er að skjalfesta með fullnægjandi hætti framfarir við framkvæmd áætlunarinnar um aðgerðir til úrbóta, sem Alþjóðaflugmálastofnunin hefur samþykkt, og raunverulega framkvæmd krafna Alþjóðaflugmálastofnunarinnar myndi framkvæmdastjórnin vera reiðubúin til að skipuleggja vettvangsheimsókn í tengslum við öryggismat, með aðstoð Flugöryggisstofnunar Evrópu og stuðningi aðildarríkjanna, til að staðfesta að lögbær yfirvöld í Kirgistan geti sinnt eftirlitshlutverki sínu í samræmi við alþjóðlegar kröfur og undirbúa endurskoðun málsins hjá flugöryggisnefndinni.

Flugrekendur frá Líbíu

- 45) Samráð við lögbær yfirvöld í Líbíu (Flugmálastjórn Líbíu (LYCAA)) heldur áfram með það að markmiði að staðfesta að Líbíu fari fram við það verk sitt að endurbæta öryggiskerfi sitt í almenningsflugi, og einkum að tryggja að öryggiseftirlit með öllum flugrekendum, sem hafa fengið vottun í Líbíu, samrýmist alþjóðlegum öryggiskröfum.
- 46) Hinn 25. apríl 2013 lagði Flugmálastjórn Líbíu fram skýrslu um aðgerðir í tengslum við endurvottun flugrekandans Libyan Airlines. Í skýrslunni er ferlinu lýst í fimm áföngum í samræmi við tilmæli Alþjóðaflugmálastofnunarinnar en í henni var ekki að finna ítarleg sönnunargögn um tengda skoðunarstarfsemi. Framkvæmdastjórnin óskaði eftir frekari upplýsingum og hinn 29. apríl 2013 lagði Flugmálastjórn Líbíu fram yfirlit yfir þá ágalla sem komu í ljós ásamt þeim aðgerðum sem flugrekandinn Libyan Airlines hafði gripið til í því skyni að bæta úr þeim ágöllum sem komu í ljós á sviðunum sem voru skoðuð.
- 47) Hinn 4. júní 2013 skrifaði Flugmálastjórn Líbíu framkvæmdastjórninni til að tilkynna henni að, eins og stendur, gæti hún ekki aflétt takmörkunum af flugrekandanum Libyan Airlines þar sem breyting hefði orðið á stjórnun flugrekandans og að nauðsynlegt væri að meta hvaða áhrif þessar breytingar hefðu á rekstraröryggi hans.
- 48) Hinn 26. júní 2013 hlýddi flugöryggisnefndin á athugasemdir Flugmálastjórnar Líbíu. Flugmálastjórn Líbíu skýrði nefndinni frá aðgerðunum, sem gripið hefur verið til þar til nú, og árangri af endurvottun flugrekenda í Líbíu. Hún útskýrði að hún væri ekki í aðstöðu til að mæla með því að núverandi takmörkunum yrði aflétt af einhverjum flugrekendum í Líbíu. Hún tilgreindi tímamörk varðandi það hvenær hún teldi líklegt að flugrekendurnir myndu

ljúka vottunarferlinu. Hún greindi frá því að skýrslan um slysið, þar sem loftfarið Airbus A330 í eigu flugrekandans Afriqiyah Airways átti hluta að máli, hefði verið birt og að Flugmálastjórn Líbíu ætti í viðræðum við Alþjóðaflugmálastofnunina og ýmis flugmálayfirvöld aðildarríkjanna um að veita þeim frekari tækniástoð.

- 49) Flugmálastjórn Líbíu staðfesti með skýrum hætti við framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefndina að hún myndi viðhalda núverandi takmörkunum fyrir alla flugrekendur þar til öllum fimm áföngum endurvottunarferlisins væri lokið og að bætt hafi verið úr hvers konar alvarlegum ágöllum, og í fyrsta lagi að þessu loknu og í samráði við framkvæmdastjórnina, sem og í kjölfar áheyrnar hjá flugöryggisnefndinni, gætu einstakir flugrekendur fengið leyfi til að hefja flutningaflug að nýju til Sambandsins.
- 50) Framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin ítrekuðu enn fremur að fyrir hvern flugrekanda, sem hefur verið endurvottaður, verði Flugmálastjórn Líbíu að veita framkvæmdastjórninni ítarlegar upplýsingar um endurvottunarferlið og hitta framkvæmdastjórnina og fulltrúa aðildarríkja til að fjalla í smáatriðum um viðkomandi úttektir, ágalla, aðgerðir til úrbóta og varanlegar aðgerðir, ásamt upplýsingum um áætlanir um samfellt eftirlit áður en nokkrar tilslakanir á takmörkunum eru samþykktar. Ef framkvæmdastjórnin og aðildarríkin eru ekki sannfærð um að endurvottunarferlinu sé í raun lokið og varanlegu, samfelldu eftirliti komið á í samræmi við kröfur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar neyðist framkvæmdastjórnin til að grípa til tafarlausra aðgerða í því skyni að koma í veg fyrir að flugrekendur starfræki flug inn í loftrymi Sambandsins, Noregs, Sviss og Íslands.

Flugrekandinn Air Madagascar

- 51) Flugrekandinn Air Madagascar sætir rekstrartakmörkunum og er skráður í viðauka B samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 390/2011. Flugrekandinn Air Madagascar lagði fram beiðni, 24. maí 2013, um að loftfari af tegundinni Boeing B737, með skrásetningarmarkið 5R-MFL, yrði bætt við skrána yfir loftför af tegundinni Boeing B737 sem eru þegar tilgreind í viðauka B.
- 52) Flugrekandinn Air Madagascar lýsti því yfir og lagði fram gögn um að öryggisframmistaða flota síns hefði batnað. Lögbær yfirvöld á Madagaskar (Flugmálastjórn Madagaskar (ACM)) lýstu því yfir að, að því er varðar starfrækslu loftfara af tegundinni Boeing B737, séu þau ánægð með að hve miklu leyti flugrekandinn Air Madagascar fari að nógildandi kröfum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Aðildarríkin og Flugöryggisstofnun Evrópu staðfestu að ekkert sérstakt vandamál hefði komið upp við skoðanir á hlaði sem framkvæmdar voru á flugvöllum í Sambandinu innan ramma SAFA-áætlunarinnar.
- 53) Að teknu tilliti til öryggisframmistöðu flugrekandans Air Madagascar við starfrækslu loftfara af tegundinni Boeing B737 og í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar telur framkvæmdastjórnin, að fengnu álitu flugöryggisnefndarinnar, að loftförum af tegundinni Boeing B737, með skrásetningarmarkið 5R-MFL,

skuli leyft að fljúga til Sambandsins. Viðauka B skal, af þessum sökum, breytt þannig að mögulegt verði að starfrækja loftför af tegundinni Boeing B737 með skrásetningarmerkið 5R-MFL.

- 54) Aðildarríkin munu halda áfram að sannprófa hvort viðeigandi öryggiskröfum sé fylgt á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftför flugrekandans Air Madagascar séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

Flugrekendur frá Íslamska lýðveldinu Míritaníu

- 55) Allir flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Míritaníu, voru felldir brott úr viðauka A í desember 2012 ⁽⁷⁾ vegna fjölmargra þátta: sá mikli árangur sem lögbær yfirvöld í Míritaníu (Flugmálastjórn Míritaníu (ANAC)) greindu frá við að ráða bót á annmörkunum, sem komu í ljós við skoðun á vegum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í tengslum við samræmi við alþjóðlegar kröfur, að ráðin hafi verið bót á annmörkunum sem komu í ljós við upphaflega vottun flugrekandans Mauritania Airlines International (flugrekandinn MAI), staðfesting á því að flugrekandinn MAI muni aftur hefja flug til Sambandsins, en einungis til Las Palmas de Gran Canaria, Spáni eftir febrúar 2013, og skuldbinding framkvæmdastjórnarinnar að fara í vettvangsheimsókn í tengslum við öryggismat til að staðfesta fullnægjandi framkvæmd þeirra ráðstafana sem Flugmálastjórn Míritaníu og flugrekandinn MAI gripu til og greindu frá.
- 56) Framkvæmdastjórnin fór í vettvangsheimsókn til Míritaníu í tengslum við öryggismat á bilinu 14.–18. apríl 2013 með aðstoð Flugöryggisstofnunar Evrópu og tæknilegum stuðningi aðildarríkjanna.
- 57) Í heimsókninni lagði Flugmálastjórn Míritaníu sannanir fyrir matshópurinn um eindreginn vilja sinn og getu til að fara að flugöryggiskröfum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og taka, með varanlegum hætti, ábyrgð á vottun og eftirliti með flugrekendum sem heyra undir ábyrgð hennar. Matshópurinn taldi einkum að Flugmálastjórn Míritaníu hefði sýnt fram á að árangur hefði náðst við framkvæmd áætlunar hennar um aðgerðir til úrbóta, sem miðar að því að fara að kröfum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, að hún hefði nauðsynlegt, sérmenntað starfsfólk, reglur og verklagsreglur, að hún stýrði og hrinti í framkvæmd ítarlegri og viðeigandi eftirlitsáætlun og að hún hefði til staðar kerfi sem miðar að því að leysa öryggisvandamálin sem komu í ljós. Komist var að þessari niðurstöðu, að teknu tilliti til takmarkaðrar stærðar flugiðnaðarinnar í Míritaníu og lítillar starfsemi innan hans, ásamt nýlegri skipulagningu hjá Flugmálastjórn Míritaníu.
- 58) Matshópurinn heimsótti einnig flugrekandann MAI og fann sannanir þess efnis að flugrekandinn hefði getu til að fara að flugöryggiskröfum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í tengslum við flugrekstur, einkum að því er varðar lofthæfi, menntun og hæfi og þjálfun, handbækur og öryggisreglur og greiningu sem og að finna lausn á

öryggisvandamálum, sem greinast við innra og ytra eftirlit, t.d. við vöktunarstarfsemi sem fer fram á vegum Flugmálastjórnar Míritaníu.

- 59) Matshópurinn mat það þó einnig svo að nauðsynlegt sé að Flugmálastjórn Míritaníu og flugrekandinn MAI haldi áfram skilvirkri framkvæmd tiltekinna alþjóðlegra krafna, einkum að því er varðar sérstaka og reglubundna þjálfun tæknimenntaðs starfsfólks, aðlögun og uppfærslu á handbókum, verklagsreglum og gátlistum, kerfisbundna vöktun og skráningu fyrir alla starfsemi á sviði samfellds eftirlits, bætt kerfi við skýrslugjöf vegna flugatvika og greiningu þeirra. Flugrekandinn MAI skal enn fremur hrinda í framkvæmd öryggisstjórnunarkerfi (SMS) sínu og greiningu fluggagna.
- 60) Flugmálastjórn Míritaníu og flugrekandinn MAI fengu áheyrn hjá flugöryggisnefndinni 26. júní 2013. Á fundinum veittu Flugmálastjórn Míritaníu og flugrekandinn MAI upplýsingar um árangur sem náðst hefur við að bregðast við þeim tilmælum sem tilgreind voru í vettvangsheimsókninni. Flugmálastjórn Míritaníu greindi frá uppfærslum, sem gerðar hafa verið á verklagsreglum þeirra, gátlistum, þjálfunar- og eftirlitsskipulagi, sem og á þjálfunaráætlun þeirra. Hún lagði einnig fram sönnunargögn um að hjá flugrekandanum MAI hefðu farið fram markvissar skoðanir, um umfangsmikla herferð til vitundarvakningar að því er varðar skýrslugjöf vegna flugatvika og upplýsti auk þess um aukinn aðgang að tæknilegum upplýsingum hjá framléiðendum hreyfla. Flugmálastjórn Míritaníu útskýrði að hún hefði strangt eftirlit með flugrekandanum MAI, þ.m.t. með fjölmörgum skoðunum á hlaði, og að hún gripu til ákveðinna aðgerða til framfylgdar þegar nauðsynlegt krefur.
- 61) Flugrekandinn MAI greindi frá því að 8. maí 2013 hefði hann hafið flug til Las Palmas de Gran Canaria og að hann hefði einnig samið drög að aðgerðaáætlun í því skyni að bregðast við öllum þeim tilmælum sem matshópurinn vakti máls á. Flestum aðgerðum áætlunarinnar var lokið, þar á meðal að uppfæra handbækur, að semja nýjar verklagsreglur og tilnefna ábyrgðarmann fyrir gæða- og öryggisstjórnun. Flugrekandinn MAI viðurkenndi að honum miðaði vel áfram við að hrinda öryggisstjórnunarkerfinu í framkvæmd en það væri ekki enn orðið rekstrarhæft.
- 62) Fyrstu tvær skoðanir á hlaði á loftförum flugrekandans MAI, sem fóru fram á Spáni 8. og 22. maí 2013, leiddu í ljós fjölda ágalla, aðallega atriði sem varða viðhaldsástand, en þó fækkaði ágöllum og alvarleiki þeirra minnkaði við þriðju skoðun á hlaði sem fór fram 12. júní. Spánn staðfesti að flugrekandinn MAI hefði lagt fram upplýsingar um hvernig bæta eigi úr ágöllum sem voru enn til athugunar hjá yfirvöldum á Spáni.
- 63) Flugöryggisnefndin fagnaði framförum Flugmálastjórnar Míritaníu og flugrekandans MAI við framkvæmd alþjóðlegra öryggiskrafna og hvatti þau til að halda ótraud áfram að vinna að frekari umbótum. Flugmálastjórn Míritaníu og flugrekandinn MAI voru hvött til að senda

⁽⁷⁾ Forsendur 71 til 81 í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1146/2012, Stjtið. ESB L 333, 5.12.2012, bls. 7.

framkvæmdastjórninni reglulega skýrslur, a.m.k. tvisvar á ári, um þann árangur sem hefur náðst við framkvæmd krafna Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og til að bregðast við þeim tilmælum sem enn á eftir að vinna úr, einkum að því er varðar kerfi fyrir skýrslugjöf vegna flugatvika og greiningu þeirra hjá Flugmálastjórninni og framkvæmd öryggisstjórnunarkerfisins og greiningu fluggagna hjá flugrekandanum MAI. Flugmálastjórn Míritaníu skuldbatt sig til að upplýsa framkvæmdastjórnina um það þegar hún myndi veita nýjum flugrekendum í flutningaflugi vottun.

- 64) Aðildarríkin munu sannprófa hvort viðeigandi öryggiskröfum sé fylgt á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftför flugrekenda, sem hafa fengið flugrekstrarleyfi í Míritaníu, séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012.
- 65) Ef niðurstöður skoðana á hlaði, eða einhverjar aðrar viðeigandi upplýsingar um öryggismál, gefa til kynna að ekki sé farið að alþjóðlegum öryggiskröfum, neyðist framkvæmdastjórnin til að grípa til aðgerða samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

Flugrekendur frá Mósambík

- 66) Lögbær yfirvöld í Mósambík (Flugmálastjórn Mósambík (IACM)) og fulltrúar flugrekandans Linhas Aéreas de Moçambique (flugrekandinn LAM) héldu fund, 31. maí 2013 í Brussel, með framkvæmdastjórninni og Flugöryggisstofnun Evrópu. Flugmálastjórn Mósambík skýrði ítarlega frá núverandi stöðu á framkvæmd áætlunarinnar um aðgerðir til úrbóta sem lögð var fyrir Alþjóðaflugmálastofnunina. Flugrekandinn LAM skýrði síðan frá núverandi stöðu varðandi notkun alþjóðlegra öryggiskrafna í rekstri sínum og daglegu starfi sem og stöðu stækkunaráætlana sinna.
- 67) Lögbær yfirvöld í Mósambík lögðu fram ítarlega greinargerð um innra skipulag og starfsmannahald innan stofnunar sinnar og lýstu umfangi og inntaki starfsemi sinnar. Hin ýmsu svið fyrri starfsemi og yfirstandandi starfsemi, ásamt viðeigandi tímaramma þeirra, voru athuguð og sett í samhengi við áætlunina um aðgerðir til úrbóta sem Alþjóðaflugmálastofnunin samþykki. Framkvæmdarfræstur flestra þessara aðgerða er um miðjan júní 2013. Fjöldi aðgerða og umfang þeirra, sem og stuttur fræstur, sýnir fasta skuldbindingu af hálfu yfirvalda en þó gæti þurft að gera breytingar þar á til að framkvæmd þeirra verði raunhæf. Yfirvöldin virtust meðvituð um þetta og vinna núna við að endurskoða suma fræstina í áætluninni um aðgerðir til úrbóta og verður endurskoðuð útgáfa bráðlegra lögð fyrir Alþjóðaflugmálastofnunina. Mikilvægustu málin, sem ekki verða tekin til umfjöllunar fyrr en árið 2014 eða 2015, varða tiltekna þætti lagarammans, útistandandi atriði varðandi innra skipulag yfirvaldsins og málefni er varða lofthæfi. Allir flugrekendur hafa farið í gegnum fimm áfanga endurvottunarferli þar sem átta flugrekendur (Linhas Aéreas de Moçambique LAM S.A., Moçambique Expresso SARL MEX, CFM-TTA S.A., Kaya Airlines Lda, CR Aviation, Coastal Aviation, CFA-Mozambique S.A., TTA SARL) hafa nú fengið fullgilda

vottun og flugrekandaskírteini fimm flugrekenda (Emilio Air Charter Lda, Aero-Servicos SARL, Helicopteros Capital Lda, UNIQUE Air Charter Lda, ETA Air Charter Lda) hafa verið felld tímabundið úr gildi.

- 68) Fulltrúar flugrekandans LAM héldu ítarlega kynningu á fyrirtækinu, þ.m.t. lýsing á innra skipulagi, starfsmannahaldi og umfangi starfrækslunnar, og lýstu þjálfunarstarfsemi sinni sem og ýmis konar rekstrarlegu samstarfi sem fyrirtækið hefur tekið þátt í. Flugrekandinn hefur komið á markvissu samstarfi við aðra flugrekendur í Portúgal, Kenía, Suður-Afríku, Angóla, Sambíu og Eþíópíu (flugrekandinn Moçambique Expresso MEX starfrækir mjötlflug (e. *feeder airline*) og er að öllu leyti í eigu dótturfyrirtækis), þjálfunarfyrirtæki (í Suður-Afríku og Eþíópíu) og viðhaldsfyrirtæki (í Portúgal, Brasilíu, Suður-Afríku og Kenía). Innri öryggisstjórnunarkerfum var lýst ásamt áætlaðri útfærslu næstu áfanga. Árið 2011 var I. áfanga (áætlanagerð og skipulagning (e. *Planning and Organisation*)) að mestu leyti lokið (lokið verður við suma þætti yfirstandandi starfsemi árið 2014). Á bilinu 2005–2009 var að stórum hluta búið að hrinda II. áfanga (viðbragðsferli (e. *Reactive Processes*)) í framkvæmd og 2014 á tveimur ferlum að vera lokið. Flestar aðgerðir, sem varða III. áfanga (forvarnar- og forspárferli (e. *Proactive and Predictive Processes*)), standa enn yfir og eru áætluð verklok 2014–2015 en þó var þremur ferlum hrint í framkvæmd 2009. Áætlað er að útfærsla IV. áfanga (fullvissa um öryggi í starfrækslu og stöðugar úrbætur (e. *Operational Safety Assurance & Continuous Improvement*)) fari að mestu leyti fram 2014–2015 en þar af lauk einu ferli 2009.
- 69) Flugrekandinn LAM greindi einnig frá stefnu sinni og áætlunum um stækkun, þ.m.t. nýjar flugleiðir og breytingar á flugflotanum.
- 70) Flugöryggisnefndin fagnaði þeim árangri sem lögbær yfirvöld í Mósambík greindu frá, að því er varðar að ráða bót á annmörkunum, sem Alþjóðaflugmálastofnunin vakti máls á, og hvatti þau áfram í viðleitni sinni til að setja á stofn flugkerfi sem er í fullu samræmi við kröfur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

Flugrekendur frá Nepal

- 71) Niðurstöður úttektar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í maí 2009 leiddu í ljós að Nepal fer ekki að meirihluta alþjóðlegra öryggiskrafna með skilvirkum hætti. Jafnvel þótt ekki hafi greinst nein alvarleg öryggisvandamál leiddi úttektin í ljós að lögbær yfirvöld í Nepal gátu ekki tryggt skilvirka framkvæmd alþjóðlegra öryggiskrafna á sviði flugreksturs, lofthæfis og slysarannsóknar og að alvarlegir ágallar hefðu áhrif á getu landsins, einnig að því er varðar frumlöggjöf á sviði flugmála og reglugerðir um almenningsflug, skipulag almenningsflugs og leyfisveitingar og þjálfun starfsfólks.
- 72) Á tveggja ára tímabili (ágúst 2010 – september 2012) hafa orðið fimm mannskæð slys í Nepal, sem snerta fjölda borgara Evrópusambandsins, þar sem loftför, sem skráð eru í Nepal, áttu hlut að máli. Árið 2013 voru þar að auki þrjú slys til viðbótar.

- 73) Viðræður við lögbær yfirvöld í Nepal hófust í október 2012 á grundvelli annmarka í tengslum við öryggismál, sem komu í ljós í maí 2009, við úttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar innan úttektaráætlunarinnar í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum og mikils fjölda mannskæðra slysa á stuttu tímabili. Enginn flugrekandi frá Nepal stundar flugrekstur í Sambandinu.
- 74) Sem hluti af viðræðunum var framkvæmdastjórninni afhent gögn yfir eftirlitsstarfsemi sem lögbær yfirvöld í Nepal skipulögðu og létu fara fram árunum 2012 og 2013. Rannsókn á þessum gögnum gaf til kynna að enn ætti eftir að ráða bót á nokkrum annmörkum í öryggismálum og eftirlitsstarfsemin virtist ófullnægjandi að því er varðar stjórnun auðkenndrar öryggisáættu.
- 75) Hinn 30. maí í Brussel hafði framkvæmdastjórnin, með aðstoð Flugöryggisstofnunar Evrópu, samráð við lögbær yfirvöld í Nepal (Flugmálastjórn Nepal (CAAN)) um tæknimál. Á þessum samráðsfundum útskýrði Flugmálastjórn Nepal stöðuna ítarlega og lagði fram upplýsingar sem tengjast stjórnun öryggisáættu. Útskýringar yfirvalda í Nepal gáfu til kynna að eftirlitsstarfsemin væri viðtækari en fram kom í fyrri gögnum sem send voru frá Nepal. Flugmálastjórn Nepal lagði einnig fram upplýsingar um eftirfylgni tilmæla úr rannsóknarskýrslum slysa og um fjölda framtaksverkefna í tengslum við öryggi. Þessi framtaksverkefni fölu í sér að setja öryggismarkmið og öryggisviðmið. Skilvirk framkvæmd allra framtaksverkefna í tengslum við öryggi skal hafa í för með sér bætt eftirlit og betri stjórnun öryggisáættu. Upplýsingarnar, sem Flugmálastjórn Nepal lét í té á fundinum, verða sannprófaðar með því að endurskoða gögnin enn frekar.
- 76) Flugrekandinn SITE Air Plc Ltd tók einnig þátt í samráðsfundunum um tæknimál þar sem hann lagði fram upplýsingar um öryggistengda starfsemi og samskipti sín við Flugmálastjórn Nepal. Flugrekandinn SITA Air átti hlut að máli í mannskæðu slysi í september 2012 og greindi frá þeim lærdómi sem draga má af þessu slysi.
- 77) Flugmálastjórn Nepal og flugiðnaðurinn í Nepal þurfa áfram að takast á við ýmis viðfangsefni, þ.m.t. þættir eins og að ráða og viðhalda nægilega mörgu og hæfu starfsfólki hjá Flugmálastjórninni og að annast flugrekstur í afar erfiðu og fjöllóttu umhverfi. Flugmálastjórn Nepal sýndi fram á að unnið er að því að finna lausn á þessum viðfangsefnum og mun framkvæmdastjórnin því fylgjast áfram með stöðunni í Nepal.
- 78) Alþjóðaflugmálastofnunin mun fara í vettvangsheimsókn til Nepal og framkvæma þar samræmda fullgildingarúttekt (ICVM) í júlí 2013 og því er við hæfi að biða eftir niðurstöðum úr þeirri heimsókn áður en lokið er við að meta ástand öryggismála í Nepal.
- 79) Ef niðurstöður úttektar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, eða einhverjar aðrar vídeigandi upplýsingar um öryggismál, gefa til kynna að ýmis konar öryggisáættu sé ekki haldið í skefjum með viðunandi hætti, neyðist framkvæmdastjórnin til að grípa til aðgerða samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

Flugrekendur frá Filippseyjum

- 80) Samráð við lögbær yfirvöld á Filippseyjum (Flugmálastjórn Filippseyja (CAAP)) heldur áfram með það að markmiði að staðfesta þær aðgerðir til úrbóta sem Flugmálastjórn Filippseyja hefur gripið til í því skyni að ráða bót á þeim öryggisvandamálum sem komu í ljós við úttektir sem framkvæmdar voru á vegum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og Flugmálastjórnar Bandaríkjanna 2012 og 2013.
- 81) Flugmálastjórn Filippseyja staðfesti að Alþjóðaflugmálastofnunin hefði framkvæmt samræmda fullgildingarúttekt í febrúar 2013 og að 1. mars 2013 hefði Alþjóðaflugmálastofnunin skrifað Flugmálastjórninni til að greina henni frá því að aðgerðirnar, sem hún hefði gripið til, hefðu heppnast vel og hún hefði leyst tvö öryggisvandamál sem annars vegar var bent á við úttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar innan úttektaráætlunarinnar í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum í október 2009 og hins vegar við samræmdu fullgildingarúttektina í október 2012.
- 82) Af þeim sökum hélt framkvæmdastjórnin, með aðstoð Flugöryggisstofnunar Evrópu og fulltrúa aðildarríkjanna, fund, 16. apríl 2013, með Flugmálastjórn Filippseyja og flugrekendunum Philippine Airlines og Cebu Pacific Airways til að ræða þann árangur sem náðst hefur við að ráða bót á útistandandi viðfangsefnum, sem bent var á í vettvangsheimsókninni í október 2010, sem Alþjóðaflugmálastofnunin, Flugmálastjórn Bandaríkjanna og Sambandið tilgreindu en sem fór fram á vegum framkvæmdastjórnarinnar í október 2010.
- 83) Á fundinum staðfesti Flugmálastjórn Filippseyja að hún hefði innleitt fimm áfanga vottunarferli ásamt endurfullgildingarferli sem væri komið af stað hjá öllum núverandi flugrekendum. Sjö stórir og níu litlir flugrekendur höfðu lokið þessu ferli, þ.m.t. flugrekendurnir Philippine Airlines (flugrekandinn PAL) og Cebu Pacific Air. Flugmálastjórn Filippseyja greindi frá því að hún hefði komið á tvíþættu kerfi við eftirlit með flugrekendum, þ.e. stjórnunarskrifstofu fyrir vottorð (e. *Certificate Management Office*, CMO), sem komið var á fót með 24 skoðunarmönnum sem hafa einungis eftirlit með flugrekendunum PAL og Cebu Pacific Air, á meðan flugrekstrar- og loftþæfideildin annast eftirlit með öðrum flugrekendum.
- 84) Flugmálastjórnin útskýrði einnig að hún væri að takast á við vandamál sem varðar varanleika kerfisins með því að hækka laun starfsmanna til að laða að skoðunarmenn úr iðnaðinum. Þjálfunaráætlunum hefur einnig verið hrint í framkvæmd fyrir skoðunarmenn. Flugmálastjórnin skoðaði þó hvorki gæðastjórnunarkerfi (QMS) né öryggisstjórnunarkerfi (SMS) flugrekendanna, sem þeir hafa eftirlit með, með formlegum hætti.
- 85) Flugrekandinn PAL greindi frá því að hann hefði yfir að ráða flota sem samanstendur af 44 loftförum (Boeing B747, B777, Airbus A340, A330, A320/319) og að 68 loftför til viðbótar væru í pöntun (44 af tegundinni Airbus A321, 20 af tegundinni A330 og 4 af tegundinni

- A340). Markmiðið með öryggisstjórnunarkerfi hans var að fækka um 10% frá næstliðnu ári þeim atburðum sem hafa skaðleg áhrif á öryggiskröfur. Gögnin úr eftirliti með flugritagögnum (FDM) voru rannsökuð fyrir 95-100% flugferðanna, með áherslu á atburði sem tengjast óstöðugu aðflugi (e. *unstabilised approaches*) og jarðvarakerfi (GPWS). Innan ramma gæðastjórnunarkerfisins voru framkvæmdar 260 skoðanir á árinu 2012 þar sem í ljós komu 94 ágallar á verklagsreglum fyrirtækisins, sem voru frábrugðnir ágöllum sem Flugmálastjórn Filippseyja vakti máls á, sökum þess að fleiri vandamál er varða þjálfun greindust. Flugrekandinn Ceb Pacific Air greindi frá því að árleg stækkun flugflota hans næmi 7% á ári. Hann átti von á tveimur loftförum af tegundinni Airbus A330 2013 til að geta hafið langflug í júní og markmiðið var að við lok 2013 myndi flugflotinn samanstanda af 47 loftförum. Í kjölfar fundarins fór framkvæmdastjórnin, með aðstoð aðildarríkjanna, í vettvangsheimsókn til Filippseyja á bilinu 3.–7. júní 2013.
- 86) Niðurstöður heimsóknarinnar voru þær að Flugmálastjórn Filippseyja ætti enn eftir að tileinka sér nútímalegar stjórnunaraðferðir í flugöryggismálum, bæði hvað varðar þá flugrekendur sem eru undir þeirra eftirliti sem og innan sinna vébanda. Á sviði flugrekstrar er mannlega þættinum og ferlum öryggisstjórnunarkerfisins ekki veitt næg athygli.
